



Börn með tengslaröskun í skólakerfinu

Auður Tinna Hlynsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Deild menntunar og margbreytileika



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Börn með tengslaröskun í skólakerfinu

Auður Tinna Hlynsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir

Deild menntunar og margbreytileika

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Máí 2021

Börn með tengslaröskun í skólakerfinu

Ritgerð þessi er 180 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í þroskaþjálfarafræði við deild menntunar og margbreytileika
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Auður Tinna Hlynsdóttir, 2021

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Tengslamyndun (e. *attachment*) er hugtak sem notað er yfir sterk tilfinningaleg tengsl milli tveggja einstaklinga og getur hafist strax við fæðingu barns. Frumkvöðlar tengslamyndunar töldu að tengsl í æsku hefðu varanleg áhrif á barn allt fram á fullorðinsár auk þess sem þau hefðu mikil áhrif á geðheilbrigði einstaklinga yfirleitt. Ef grunnþörfum ungabarns er ekki sinnt af umönnunaraðilum getur það mögulega þróað með sér tengslaröskun sem birtist fyrir þriggja ára aldur þess. Börn með tengslaröskun mæta oft verulegum hindrunum í samskiptum við aðra í umhverfi sínu eins og innan veggja grunnskólans þar sem kröfur til þeirra eru oft miklar. Skólinn gegnir mikilvægu hlutverki og er skylt að sinna barninu og leggja rækt við að mennta börn óháð stöðu þeirra. Þannig eiga öll börn að fá jöfn tækifæri til menntunar. Höfundur hefur starfað sem stuðningsfulltrúi með börnum með tengslaröskun og telur tækifæri til úrbóta til að mæta þörfum þeirra. Lagt er upp með rannsóknarspurninguna: „Hvað geta grunnskólarnir gert til að mæta betur þörfum barna með tengslaröskun?“. Höfundur færir rök fyrir því hvað megi bæta í skólastarfinu með tilliti til barna með tengslaröskun.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	5
1 Inngangur	6
2 Tengslamyndun	7
2.1 Tengslakenning John Bowlby	7
2.2 Tengslakenning Mary Ainsworth	8
2.3 Orsök tengslaröskunar.....	9
3 Skólaganga barna með tengslaröskun	13
3.1 Skóli án aðgreiningar	13
3.2 Leiðir til að mæta börnum með tengslaröskun inn í skólanum	15
3.3 Mikilvægi þess að fá rétta greiningu snemma	17
3.4 Brúarskóli.....	18
4 Úrræði utan skólakerfisins	20
4.1 Barna og unglingsgeðdeild Landspítalans - BUGL.....	20
4.2 Heilsugæsla höfuðborgasvæðisins	20
4.3 Stuðlar	21
5 Umræður	22
6 Lokaorð	23
7 Heimildaskrá	25

Formáli

Ég vil þakka Jónínu Jónsdóttur þroskaþjálfara fyrir innblásturinn, lánið á lesefni og fyrir að miðla þekkingu sinnar til mín, enda veit hún einna mest um tengslaröskun hér á Íslandi. Vil ég þakka leiðbeinanda mínum Önnu Björk Sverrisdóttur fyrir að vera frábær leiðbeinandi og gat ég leitað til hennar hvenær sem var í skrifunum og sýndi hún mikinn stuðning og hvatti mig áfram. Einnig vil ég þakka þabba mínum, Hlyni Angantýssyni og konu hans Ölmudís Kristinsdóttur fyrir reglulegan yfirlestur meðan á skrifunum stóð. Kærastanum mínum vil ég þakka fyrir yfirlestur og þolinmæði á lokasprettinum.

Það að skrifa um tengslaröskun hefur verið mér hugleikið síðan ég hóf nám mitt árið 2017. Ástæðan fyrir því að þetta málefni hefur brunnið á mér er sú að fyrir nokkrum árum starfaði ég sem stuðningsfulltrúi í sérdeild með ungan strák sem var greindur með tengslaröskun. Við gengum í gegnum súrt og sætt saman á þessum tveimur árum sem ég vann með hann og oft komu krefjandi dagar. Góðir dagar komu líka og jákvæð skref gerðu vinnuna þess virði, enda áttum við mjög fallega tengingu, ég og þessi strákur sem á ennþá hlut í hjarta mínu, þrátt fyrir að ég hafi ekki séð hann í langan tíma og hann búi núna í öðru bæjarfélagi. Mér fannst skólakerfið og kerfið yfir höfuð hafa brugðist honum á þeim tíma. Með því að skrifa um þetta málefni vona ég að framlag mitt í þessu verkefni veiki fleiri til umhugsunar um það hversu mikilvægt markvisst utanumhald er fyrir börn með tengslaröskun, því umræðan og fræðslan þarf að vera mun meiri svo hægt sé að hjálpa þeim fyrr.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Selfoss, 11.maí 2021

Auður Tinna Hlynsdóttir

1 Inngangur

Fjöldi rannsókna á heilabroska ungbarna hafa sýnt að umhverfi barna á fyrstu þremur æviárunum skiptir sköpum. Heilabroski barna hefur áhrif á geðheilsu og félagslega aðlögun einstaklinga um alla framtíð. Tengslaröskun kemur fram fyrir þriggja ára aldur og stafar af því að líkamlegum og andlegum þörfum barnsins hefur ekki verið sinnt á sem bestan máta (Brisch, 2014). Heimilisaðstæður barnsins hafa ef til vill ekki einkennst af umhyggju, öryggi og góðum samskiptum. Það er oftast horft til þess í tengslaröskun að samskipti móður og barns hafi skaðast. Þegar börn með tengslaröskun hefja skólagöngu getur skólakerfið verið krefjandi fyrir þau og því er mikilvægt að nálgunin við börnin sé rétt. Ég legg upp með rannsóknarspurninguna: „Hvað geta grunnskólarnir gert til að mæta betur þörfum barna með tengslaröskun?“. Ég byrja á að fara í grunninn með því að fjalla um kenningar tengslamyndunar og því næst skoða ég orsakir og birtingarmyndir tengslaröskunar. Þá fjalla ég um hvernig skóli án aðgreiningar geti mögulega unnið betur með börnum með tengslaröskun og skoða mikilvægi réttrar greiningar því til stuðnings. Í lokin færi ég rök fyrir því hvað megi bæta í skólakerfinu til að koma sem best til móts við börn með tengslaröskun.

2 Tengslamyndun

Tengslamyndun (e. *attachment*) er sterk tilfinningaleg tengsl milli tveggja einstaklinga sem geta hafist strax við fæðingu barns (Bowlby, 1969). Því hefur verið haldið fram að tengslamyndun barns og foreldra fyrstu árin séu undirstaða þess að barn geti annast sig sjálft eftir því sem það eldist og nær þroska til (Sæunn Kjartansdóttir, 2018).

Í þessum kafla er fjallað um mikilvægi tengslamyndunar út frá kenningum sálfræðingsins John Bowlby og þroskasálfræðingsins Mary Ainsworth. Frumkvöðullinn John Bowlby lagði fram fyrstu tengslakenninguna og Mary Ainsworth varð seinna meir samstarfskona Bowlbys og þróaði tengslakenninguna hans enn frekar (Brisch, 2014).

2.1 Tengslakenning John Bowlby

Fyrsta frumkvæði ungabarns til þess að efla tengsl við foreldri er að mynda augnsamband, hjala eða brosa. Barnið þarf að fá svörun frá umhverfinu til að efla þessi tengsl. Mikil virkni á sér stað hjá barninu við að fá örvun og endurgjöf líkt og tal og snertingu. Því lengur, betur og oftar sem þeim er veitt athygli og endurgjöf því betur tengist barnið foreldri sínu (Bowlby, 1969).

Bowlby taldi að tengslamyndun í æsku hefði varanleg áhrif á barn allt fram á fullorðinsár og hefði auk þess mikil áhrif á geðheilbrigði einstaklinga yfir höfuð. Bowlby taldi einnig að án móður, eða annars umönnunaraðila, myndi barnið ekki lifa af og lagði mikla áherslu á mikilvægi nærveru og líkamlegrar nándar við móður (Bettmann og Friedman, 2013). Bowlby taldi fyrstu þrjú ár í lífi barnsins skipta sköpum, því þá eru öll tengsl að myndast. Bowlby skipti tengslamyndun í fjögur stig:

Fyrsta stigið er frá fæðingu og til sex vikna aldurs, þá er barnið að leita eftir tengslum þar sem það finnur öryggi og huggun. Annað stigið er frá sex vikna til átta mánaða aldurs, á þessu stigi er barnið byrjað að gera sér betur grein fyrir hver er kunnuglegur og hver ekki og að byggja traust gagnvart aðilum sem svara þörfum þess mest. Þarna er barnið ekki byrjað að mótmæla því þegar móðirin hverfur úr augnsýn. Þriðja stigið er allt að tveggja ára aldri. Á þessu stigi er barnið byrjað að sýna aðskilnaðarkvíða þegar móðirin fer, því hjá henni veit barnið af öruggum tengslum.

Á fjórða stigi hefur barnið fullmyndað tengsl sín við móður og er barnið búið að læra að treysta á hana, átta sig á hvers má vænta af henni og gerir allt til að halda í tengslin við móður eða annan umönnunaraðila (Berger, 2014).

John Bowlby taldi nauðsynlegt að mynda grunntengslin til að barnið gæti orðið sjálfstæður einstaklingur síðar meir og þróað með sér innra öryggi. Það mikilvægasta sem barnið fær fyrstu mánuðina er öryggi, nálægð og vernd móður sinnar. Ef þessi grunntengsl mótast ekki þá þróar barnið líklega með sér óöryggi og hræðslu. Þegar barninu er ekki sinnt af umönnunaraðila eða verður viðskila við móður þá er líklegra að barnið þrói með sér kvíða og ótta, sem birtist í gráti og pírting (Bowlby, 1969).

2.2 Tengslakenning Mary Ainsworth

Mary Ainsworth hélt áfram að þróa kenningar Bowlbys og helsta framlag hennar til kenninga tengslamyndunar var að gera rannsóknina „Ókunnar aðstæður“ (e. *strange situation*).

Tilgangur þeirrar rannsóknar var að skoða tengingu milli hegðunar og tengsla barns við móður í óþekktu umhverfi. Rannsóknin var gerð meðal mæðra og barna á aldrinum 12-18 mánaða. Börn voru sett inn í herbergi með móður sinni og látin leika sér í augnsýn hennar, síðan lét móðirin sig hverfa í smá tíma og ókunnugur aðili beðinn um að fara inn í herbergið í hennar stað og fylgst var með viðbrögðum barnanna eftir að móðirin hvarf úr augnsýn (Berger, 2014). Út frá þessari rannsókn kortlagði Ainsworth fjórar tegundir geðtengsla:

Örugg tengsl (e. *secure attachment*): Tengsl þar sem barnið finnur fyrir öryggi hjá móður (eða öðrum umönnunaraðila) og trausti (Berger, 2014). Þegar móðir hverfur úr augnsýn skimar barnið eftir henni og fer mögulega að gráta en þegar móðirin birtist aftur verður barnið mjög glatt og leitar í fang hennar til að finna nálægðina á ný. Eftir stutta stund eru þau tilbúin til að fara að leika sér aftur (Sæunn Kjartansdóttir, 2018).

Óörugg forðunartengsl (e. *insecure-avoidant attachment*): Þegar barnið sýnir nánast engin viðbrögð þegar móðirin hverfur úr augnsýn (Berger, 2014). Þegar móðirin kemur aftur lætur barnið eins og það sjái hana ekki og leitar ekki í fang hennar til að finna nálægðina á ný og er líkamleg snerting nánast engin yfir höfuð (Sæunn Kjartansdóttir, 2018).

Óörugg fráhrindandi tengsl (e. *insecure-ambivalent attachment*): Barnið sýnir mikið vantraust og kvíða gagnvart móður, tengslin eru til staðar á milli þeirra en barnið upplifir sig óöruggt (Berger, 2014). Barnið kemst í uppnám og grætur mikið þegar móðirin fer. Barnið er

einnig lengi að jafna sig þegar móðirin kemur til baka og sýnir henni mjög vafasama hegðun, vill fá líkamlegu nándina en á sama tíma lemur það frá sér og er árásgjarnt (Sæunn Kjartansdóttir, 2018).

Óreiðutengsl (e. *disorganized attachment*): Barnið sýnir mismunandi hegðun, mögulega missir það stjórn á skapi sínu þegar móðirin fer og þegar hún snýr aftur hegðar barnið sér einkennilega, sýnir slæma hegðun líkt og að öskra, kasta hlutum og sýnir blendar tilfinningar um eigin líðan, sem ber þess merki að um „haltu mér–slepptu mér“ tilfinningu sé að ræða (Berger, 2014).

Mary Ainsworth taldi að munirinn á tengslum barns væri fólgin í því hvernig móðir eða annar umönnunaraðili kæmi fram við barnið sitt fyrstu árin. Móðir sem svarar þörfum barnsins og veitir því athygli myndar örugg tengsl. Barn með örugg tengsl treystir sér til að yfirgefa móður sína og þekkir betur á umhverfi sitt. Móðir sem les ekki í þarfir barns og er ónærgætin gagnvart því, myndar óöruggari tengsl. Lykilatriðið í tengslum samkvæmt Ainsworth er því að móðir sé fær um að lesa rétt í tjáningu barnsins síns og það skiptir máli hversu fær móðirin er til þess að sinna barninu á viðeigandi hátt í kjölfarið byggt á þessari færni. Einnig staðfesti Ainsworth kenningu Bowlbys að örugg tengsl milli barns og móður minnka kvíða barna (Berger, 2014).

2.3 Orsök tengslaröskunar

Foreldri barns verður að vera næmt á þarfir þess og fullnægja þeim á viðunandi hátt, því barnið speglar sjálft sig út frá þeirri umönnun sem það nýtur. Þeim mun meiri ást og hlýju sem barn fær, því jákvæðari áhrif hefur það á líðan þess og hvernig það mun koma til með að meta sjálft sig. Barn sem fær ekki ást og hlýju frá foreldrum sínum er einfaldlega ekki fært um að gefa af sér slíkt hið sama. Kærleiksríkt uppeldi hefur því mikil áhrif á tengsl við annað fólk síðar meir (Berger, 2014).

Tengslaröskun (e. *reactive attachment disorder*) er þegar barnið kann ekki félagsleg eða tilfinningaleg tengsl við aðra einstaklinga og sýnir oft óæskilega hegðun þegar það reynir að eiga samskipti við aðra í kringum sig. Börn eru í mestri hættu að þróa með sér tengslaröskun.

Orsakir tengslaröskunar geta verið margvíslegar. Þau börn sem eru í mestri hættu að þróa með sér tengslaröskun eru börn sem eru mikið fjarri foreldrum sínum sem kornabörn,

vanrækt börn, fósturbörn og börn sem horft hafa upp á ofbeldi eða orðið fyrir því sjálf innan heimilisveggja (Barnett, 2014). Tengslaröskun getur einnig myndast ef foreldri á við geðræn vandamál að stríða, er í eiturfjaneyslu, eða foreldrarnir sjálfir hafi orðið fyrir áfalli eða ofbeldi í æsku samkvæmt Vilborgu Guðnadóttur, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingi BUGL (Bergljót Baldursdóttir, 2019). Foreldrar með geðræn vandamál eru í miklum áhættuhópi að mynda neikvæð tengsl við barnið sitt. Því er mikilvægt að umræddir foreldrar fái aðstoð og stuðning á fyrstu árum barnsins og helst sem fyrst, því fyrstu mánuðirnir skipta sköpum í tengslamynduninni (Sæunn Kjartansdóttir, 2018). Oftast nær eru foreldrar barna með tengslaröskun að gera sitt besta en eru ekki færir um tengslamyndun vegna þessara margþættu aðstæðna sem þeir búa við. Það getur því reynst þeim erfitt að gefa barninu sínu þau nánu tengsl sem þau þekkja ekki á eigin skinni. Þrátt fyrir að foreldrar í þessum aðstæðum hafi reynt að uppfylla þarfir barnsins og það hafi ekki dugað til, þá þýðir það ekki að það sé foreldrunum að kenna eða að það hafi verið vísitandi gert. Þess vegna þarf að sýna foreldrum í þessum aðstæðum varkárni, umburðarlyndi og skilning að mati Vilborgar Guðnadóttur, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðings BUGL (Bergljót Baldursdóttir, 2019).

Birtingarmyndir tengslaröskunar geta verið mismunandi. Til að mynda getur hún birst í hegðunarmynstri barna eins og til dæmis í mikilli stjórnsemi, stelsýki, árásargirni, stórum reiðiköstum og að vera mjög þurfandi (Barnett, 2014).

Stjórnsemi: Þetta viðbragð getur þróast allt frá fæðingu. Þá hafa börn búið við mikla óvissu um það hvenær þarfir þeirra verði uppfylltar. Dæmi: þegar börn eru látin gráta sig í svefn sem kornabörn og þau ekki hugguð nema í einstaka skipti af umönnunaraðilum. Þannig þróa börn með sér þá hugsun að treysta ekki fullorðnu fólki.

Stelsýki: Mörg börn stela, en börn með tengslaröskun stela af hræðslu við að eiga ekki nóg. Sum þeirra hamstra, því þau hafa upplifað að mæta afgangi, eins og til dæmis með mat eða föt. Það er ekki eingöngu matur eða peningur sem er stolið, heldur einnig minnstu hlutir líkt og blýantur en allt af sömu ástæðu; hræðsla við að eiga ekki nóg.

Árásargirni/skapofsi: Róttin að þessu er hræðsla, og það stundum við hvað sem er. Börn sem upplifa tengslaröskun á þennan hátt finnst flest allt í umhverfinu vera yfirþyrmandi og bregðast því við með ógnandi hegðun.

Þurfaði: Börn sem upplifa tengslaröskun á þennan hátt eru að reyna að fá uppfylltar grunnþarfir sem þau fengu ekki uppfylltar sem ungabörn. Þau láta til dæmis eins og þau séu yngri en þau eru í raun og veru og virka meira þurfaði en aldur þeirra segir til um (Barnett, 2014). Þar sem allra fyrsta tengingin þeirra í lífinu mistókst (oftast nær við móður) þá er líklega vandamál hjá þeim að treysta eftir það (Shaw og Páez, 2007).

Börn búa yfir mismikilli þrautseigju. Sum eru viðkvæmari en önnur sem komast töluvert langt á þrautseigjunni. Börn með tengslaröskun eru flest öryggislaus og mörg hver lifa endalaust í ótta við höfnun. Þau bera gjarnan með sér vanlíðan sem getur brotist út í hinum ýmsu myndum. Það er einstaklingsbundið hvernig birtingarmyndin á hegðuninni er. Árásargirni er mjög algeng hegðun hjá börnum með tengslaröskun samkvæmt geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingi BUGL en getur líkað verið þannig að þau séu alveg stjórn meðal fólks (Bergljót Baldursdóttir, 2019).

Breytingar fara illa í börn með tengslaröskun, þau treysta á að umhverfið breytist ekki þannig að þau finni til öryggis. Oftast einkennist hegðun barna með tengslaröskun af miklum öfgum, þau geta verið fljót að skipta skapi, sveiflast úr ofsareiði yfir í að sýna mjög mikla gleði. Þau eru mjög gjarnan á móti öllu sem þau eru spurð um eða afþakka það sem þeim er boðið. Börn með tengslaröskun búa sér til þessa grundvallarreglu til að endurskapa öryggis tilfinningu sína. Hegðun þeirra stjórnast ekki af því að lesa rétt í aðstæður heldur af eigin löngunum og skyndihugdettum. Þau bregðast ekki við á grundvelli siðferðis og samvisku sem þau hefðu átt að læra í uppeldinu ef allt hefði verið í lagi. Barn með tengslaröskun sýnir ekki slíka hegðun af því að það vill hafa hlutina svona, heldur vegna þess að hegðunin gefur því góða grunntilfinningu. Þessa hegðun hefur barnið lært innra með sér (Forbes og Post, 2010). Börn með tengslaröskun sækjast oft í áhættuhegðun, þau nota oft hótanir og ofbeldi. Þau geta orðið hættuleg sjálfum sér og umhverfi sínu. Hegðun þeirra er stundum hægt að líkja við hegðun einstaklings sem er siðblindur, en þau eru það ekki (Shaw og Páez, 2007).

Börn með tengslaröskun hafa samkvæmt geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingi BUGL orðið fyrir þroskaáfalli, eðlilegur þroski hefur ekki átt sér stað, hvorki vitrænn, tilfinningalegur né félagslegur (Bergljót Baldursdóttir, 2019). Börn með tengslaröskun takast því oft á við krefjandi aðstæður og erfiða tíma, en jafnframt eiga þau góða daga og tímabil. Það er ekki óalgengt að á óaðfinnanlegum heimilum þar sem börn fá allt sem þau þurfa og mikinn kærleika, þá hafi þau samt sýnt óæskilega hegðun eins og að meiða heimilisdýr, eyðileggja

húsgögn, beita umönnunaraðila ofbeldi og/eða strjúka burt af heimilinu (Shaw og Páez, 2007). Ekki þýðir að láta þau heyra: „Þú verður að læra að þú færð ekki alltaf allt sem þú vilt“ eða „þú verður að læra að lífið er ekki alltaf sanngjarnt“. Þau vita þetta, þeirra líf hefur ekki verið sanngjarnt og þau hafa ekki alltaf fengið það sem þau vilja. Þau lærðu þetta undir kringumstæðum sem enginn ætti að þurfa upplifa eða að ganga í gegnum (Johnson, 2014). Að refsast barni með tengslaröskun er gagnslaust, þau hafa upplifað verri hluti og með refsingum er dýrmætu trausti þeirra tapað (Forbes og Post, 2010).

3 Skólaganga barna með tengslaröskun

Skólinn getur oft reynst börnum sem eru með tengslaröskun erfiður. Ástæðurnar eru margvíslegar en að hluta til má rekja þær til viðmóts barnanna. Börn með tengslaröskun eru oft ókurteis, þrætugjörn, með lélega félagsfærni og það er áskorun fyrir þau að sitja kyrr og umgangast önnur börn. Yfirleitt skilar sér ekki að senda börnin til námsráðgjafa, auk þess virðast hefðbundin hegðunarkerfi eins og til dæmis umbunarkerfi ekki skila árangri. Börn með tengslaröskun hafa oft neikvæða mynd af skólanum og eiga erfitt með að sjá að þau geti náð þar árangri. Erfitt getur verið fyrir þau að taka þátt í venjulegu skólastarfi og finna þau að flestu því sem þau eru beðin um að gera. Stjórnendur innan skólans eru oft skotmark þeirra því þau ráðast oft að yfirvaldi með mikilli hörku (Shaw og Páez, 2007). Hér í framhaldi verður rætt um skóla án aðgreiningar, leiðir til að mæta börnum með tengslaröskun, mikilvægi þess að fá rétta greiningu og Brúarskóla sem er sérúrræði utan hins almenna skólakerfis.

3.1 Skóli án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar (e. *inclusive education*) er almennur skóli og hefur það markmið að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám, óháð aðstæðum og getu. Öll skólastig á Íslandi eiga að starfa í samræmi við þessa stefnu (Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir, 2014). Allir nemendur á Íslandi eiga rétt á jöfnum tækifærum til náms á sínum forsendum og getu. Virðing er borin fyrir mismunandi þörfum hvers og eins nemenda og það er mikilvægt markmið að útrýma aðgreiningu og mismunun innan skólanna samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Markmið og stefnur um skóla án aðgreiningar voru lögfest með grunnskólalögum sem tóku gildi árið 2008 og þau voru færð í aðalnámskrá (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Skóli án aðgreiningar byggir á þátttöku og viðurkenningu allra nemenda innan skólans, allir nemendur eru jafnir og eiga því möguleika á að ná sem bestum árangri á sinni skólagöngu. Skóli án aðgreiningar er í sífelldri þróun, skólakerfið er samþætt og reynt að mæta þörfum hvers og eins með viðeigandi stuðningi (Gerður G. Óskarsdóttir, 2003). Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (nr. 585/2010) er skóli án aðgreiningar skilgreindur sem stofnun sem kemur á móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með virðingu, sjálfstæði og réttlæti að markmiði. Samkvæmt reglugerðinni kemur fram að þeir sem teljast hafa sérþarfir, fyrir utan nemendur sem falla undir hefðbundna fötlunarflokka, eru meðal annars

nemendur með félagslega eða tilfinningalega erfiðleika og/eða geðraskanir. Markmið þessarar reglugerðar er að hafa sömu tækifæri í skólanum í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (e.d.), að barnið fái jöfn tækifæri til þátttöku í skólastarfinu án aðgreiningar, námið sé aðlagð að þörfum og stöðu barnsins og það hvatt til að nýta styrkleika sína (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010). Skóli án aðgreiningar er oft nefndur skóli margbreytileikans. Merking þessa nafns vísar í að skólinn og skólastarfið leitist við að mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er staddur og veita þeim menntun í lifandi skólasamfélagi. Mikilvægt er að skólar séu meðvitaðir um að merking orðasambandsins skóli án aðgreiningar/skóli margbreytileikans þýðir að ávallt er hægt að finna leiðir til að sameina nemendur í skólanum í stað þess að einangra eða jafnvel útiloka ákveðna nemendahópa (Dóra S. Bjarnason, 2012).

Þó nokkrar efasemdir hafa þó verið viðraðar um að þessi stefna sé að skila tilsettum árangri. Margir sérkennarar hafa nefnt að nemendur með sérþarfir hafi orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna stefnunnar innan skólans. Hafa því komið upp efasemdir um að þessi stefna skili því sem lagt er upp með og óskað eftir betri útlistun á stefnunni. Á móti kemur að sumir kennarar segja að án aðgreiningar er ekki hægt að þróa sérkennslu. Enn annar hópur kennara telur að mikilvægt sé að flokka nemendur svo hægt sé að mæta þeim og þeirra þörfum (Helga Gísladóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016).

Það virðast því vera að skiptar skoðanir séu til staðar um þessa hugmyndafræði skólanna. Mikilvægt er að börn með námsörðugleika og djúpstæðan vanda fái tækifæri til að nýta sína styrkleika í skólastarfinu því það er ekki hægt að setja alla nemendur undir sama hatt sem jafningja námslega séð. Ljóst er að starfsfólk skólanna verði einnig að hafa metnað til að sækja sér þekkingu á ólíkum kennsluaðferðum svo vel takist til við að mæta þörfum hvers og eins nemenda eins og hægt er.

3.2 Leiðir til að mæta börnum með tengslaröskun inn í skólanum

Hin hefðbundna áfallameðferð dugar ekki á börn með tengslaröskun. Það sem þau þurfa er öryggi, stöðugleiki, rammi, skilyrðislaus ást og hlýja, jafnt í skóla sem og á heimilum. En það getur sannarlega verið áskorun að veita einhverjum skilyrðislaus ást og hlýju en fá ekkert á móti eins og Vilborg Guðnadóttir, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur á BUGL, hefur bent á (Bergljót Baldursdóttir, 2019).

Stöðugleiki í skólanum er mikilvægur fyrir barn með tengslaröskun svo það finni fyrir auknu öryggi. Það er krefjandi fyrir kennara að hafa börn með tengslaröskun inn í bekk. Þeir þurfa að vera næmir á þarfir barnsins, að því vanti faðmлаг, hlýju og nálægð. En það er einnig mikilvægt fyrir kennara að leiðbeina börnum hver mörk þeirra eru og því fyrir heldur en seinna, því það getur verið snúið og erfitt að setja mörkin of seint. Þetta er einnig mikil áskorun fyrir barnið, því það er hrætt við þá tilfinningu að líða vel með einhverjum, því að á einhverjum tímapunkti í fortíð þess brást umönnunaraðili því (Schwartz og Davis, 2006).

Að einblína á eitthvað eitt viðfangsefni með barninu eða að sama manneskjan vinni alltaf með barnið er ekki líklegt til langtíma bata eða árangurs. Börnin fara nánast alltaf út í öfgar með að tengjast öðru fólki, eins og starfsfólki skólans, annaðhvort tengjast þau flestum og hverjum sem er eða nánast engum og hvort tveggja skapar ýmis vandamál (Shaw og Páez, 2007). Eins og til dæmis ef barnið tengist ákveðnum starfsmanni í skólanum sem er vanur að vinna með það, hættir skyndilega störfum eða hann tilkynnir veikindi einn daginn, geta slíkar aðstæður sett heilmikið úr skorðum fyrir barnið sem lætur það þá væntanlega bitna á öðru starfsfólki með óæskilegri hegðun.

Algeng mistök hjá skólunum er að halda að tengsl barnsins og starfsmanns gangi fljótt fyrir sig. Það ætti að flokkast sem langtímaverkefni ef fólk kys að vinna með börnum með tengslaröskun. Fyrst þarf að hafa fyrir því að ávinna sér traust barnsins. Eftir að það er komið þá fyrst er hægt að vinna skólatengt með barninu. Þá þarf að passa einnig upp á að barnið verði sjálfstætt, ekki að finnast það þurfa að „hanga utan í“ ákveðnum starfsmanni (Shaw og Páez, 2007).

Samkvæmt Schwartz og Davis (2006) bentu félagsvísindamennirnir Raver og Zigler á að hegðun, félagshæfni og líðan í skóla skipti jafn miklu máli og akademíska hliðin á skólanum, sem sagt bóknámið. Þeir bentu einnig á að börn sem geti ekki haldið athygli, farið eftir fyrirmælum, verið í kringum önnur börn eða stjórnað skapofsa sínum gangi tiltölulega illa

sína skólagöngu. Schwartz og Davis (2006) drógu einnig upp kenningar nokkurra sálfræðinga, annars vegar Shores og Wehby, sem fundu út að börn með þannig hegðunarmunstur eru mun líklegri til að verða hafnað af jafnöldrum sínum og fá minna jákvætt viðmót frá kennurum. Svo hins vegar Lewit og Baker sem komust að því að kennarar litu svo á að félagshliðin væri mikilvægari að vinna með í byrjun á meðan foreldrar væru meira uppteknir af akademísku hliðinni. Á meðan markmið skólans er að mennta nemendur á akademískan hátt, þá eru börn með tengslaröskun meira heltekin af óöryggi og vantrausti, það er alltaf fast í huga þeirra sú tilfinning að „lifa af“ og þetta gerir skóladagana mun meira krefjandi fyrir alla, bæði barnið sjálf, samnemendur þeirra og starfsfólkið (Schwartz og Davis, 2006).

Samkvæmt Brisch (2014) setti sálfræðingurinn Bruce Perry niður nokkur atriði sem honum fannst þurfa gera til að vinna með börn sem hafa hafa orðið fyrir síendurteknu andlegu eða líkamlegu ofbeldi á heimili sínu: Mikilvægast er að hlúa að barninu tilfinningalega og mæta barninu á því tilfinningastigi sem það er stutt hverju sinni. Börnin þurfa alltaf að vita hvað er framundan, því er mikilvægt fyrir starfsmenn að vera áreiðanlegir og hafi fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Þegar neikvæð hegðun á sér stað þarf að skoða undanfara hegðunarinnar en ekki grípa beint til refsingar. Vera meðvituð um að vera fyrirmynd í félagslegum samskiptum og kenna barninu í leiðinni hvernig maður kemur fram við annað fólk. Nauðsynlegt er að setja raunhæfar kröfur á barnið svo það geti uppfyllt væntingarnar sem eru settar á það og sýna barninu mikla þolinmæði. Hinsvegar má starfsmaðurinn ekki gleyma að sýna sjálfum sér þolinmæði og huga að sjálfum sér og sínum mörkum. Starfsmenn ættu auk þess að reyna ná sér í alla þá fræðslu sem viðkomandi getur komist yfir.

Í þessum ferli er gott að hafa skólasálfræðinga til að leiðbeina öðru starfsmönnum. Sálfræðingur getur bæði stutt við kennarana, ásamt því að reyna kortleggja hegðun barnsins og miðla því áfram til starfsmanna. Það skilar ekki miklum árangri ef kennari beitir ströngum aga, skömmum og refsingum fyrir neikvæða hegðun hjá barninu. Kennari sem getur tamið sér það hugarfar að horfa á umhverfið í gegnum augu barnins og nálgast það á forsendum þess er miklu líklegri til að ná góðum árangri með barnið. Því er mikilvægt að kennarar og annað starfsfólk sem koma að barninu leiti sér fræðslu og þekkingar á tengslaröskun (Schwartz og Davis, 2006). Skólarnir þurfa að velta fyrir sér hvað þessi hegðun þýðir hjá börnunum. Það er ekki hægt að hafa atferlismótun án þess að hafa skilning á barninu og hegðun þess, það getur annaðhvort verið gagnlaust eða jafnvel skaðað meira, því ef

skilningurinn á bakvið hegðunina er ekki til staðar þá ósjálfrátt byrjar neikvæð hegðunarstjórnun samkvæmt Vilborgu Guðnadóttur, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingi BUGL (Bergljót Baldursdóttir, 2019).

Skólinn er mikilvægur hluti þess að hjálpa barninu, skólinn er skyldugur að leyfa öllum að sinna sinni skólagöngu og að mennta sína nemendur eins vel og hægt er og það sama gengur yfir börn með tengslaröskun, þau eiga líka að fá sín tækifæri til að læra jafnt og aðrir nemendur (Parker og Forrest, 1993). Það að láta allt saman ganga upp í samvinnu, bæði skóla, heimili og samfélagið í heild sinni getur verið virkilega krefjandi fyrir alla en það gefur mestan árangur þegar öllu er á botninn hvolft.

3.3 Mikilvægi þess að fá rétta greiningu snemma

Áður en börn fá tengslaröskunargreiningu þá er ekki óalgengt að þau hafi fengið aðrar greiningar á undan, því það er margt sameiginlegt í hegðun sem getur ruglað í greiningarferli. Í flestum tengslaröskunar greiningum hafa börn fyrst verið greind með ADHD á einhverjum tímamarki, auk þess hafa þau líka fengið greiningar á borð við: kvíðaröskun, áfalla- og streituröskun, þunglyndi, námserfiðleika eða önnur andleg einkenni. Það sem aðgreinir oft greiningu á börnum með tengslaröskun frá öðrum greiningunum er hin sýnda andfélagslega hegðun og ofbeldishneigð (Shaw og Páez, 2007).

Algengt er að rugla greiningu á tengslaröskun við einhverfu í upphafi greiningarferlis og er það vandmeðfarið. Barna- og unglingageðlæknir LSH hefur bent á að uppfylli barn greiningarviðmið fyrir einhverfu í greiningarferlinu eða Asperger heilkenni þá útilokar það mögulega greiningu á tengslaröskun (Björn Hjálmarsson, 2018). Einhverfurófs raskanir eru mun algengari en tengslaraskanir. Það er margt mjög líkt með báðum þessum greiningum eins og að börnin eru mjög ósveigjanleg, með slaka félagsfærni, slaka samskiptafærni og þau eiga erfitt með að lesa í aðstæður og aðra einstaklinga í kringum sig segir Björn Hjálmarsson (2018), barna- og unglingageðlæknir. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að það sé ekki útilokað að hafa báðar þessar raskanir. Enn sem komið er hefur tengingin og munurinn á greiningarviðmiðum ekki vera rannsakaður nægjanlega vel, en augljóst er að líffræðilegi munurinn á þessum röskunum er að einhverfan og einhverfurrófið eru meðfæddar taugaproskaraskanir en tengslaröskun er áunnin röskun eftir vanrækslu (Sadiq, Slator, Skuse, Law, Gilberg og Minnis, 2012).

Í skólunum hefur einhverfugreiningin haft yfirhöndina enn sem komið er þegar kemur að sérkennslu og sérhæfðri þjálfun og þá má væntanlega tengja það við fáfræði um tengslaröskun og fáar rannsóknir til að styðja við eins og Björn Hjálmarsson (2018), barna- og unglíngageðlæknir hefur bent á.

Það er mikilvægt fyrir barn með tengslaröskun að fá rétta greiningu þar sem mikið er í húfi þegar það er ranglega greint. Nauðsynlegt er að gefa viðeigandi meðferð við þeirra djúpstæða vanda svo þau hafi sem mestan möguleika á að lifa eðlilegu lífi.

Að fá rétta greiningu skiptir einnig miklu máli þegar til fullorðinsára er litið. Þegar barn verður fyrir höfnun frá umönnunaraðila og áfalli þegar heilinn er enn að þroskast hefur það meiri áhrif en að verða fyrir álíka áfalli á fullorðinsárum (Geðverndarfélag Íslands, e.d.).

Enn sem komið er eru ekki til rannsóknir um hvernig börnum með tengslaröskun gengur á fullorðinsárum og er því erfitt að spá í framtíð þeirra. Það er án alls efa rétt, að því dýpri og alvarlegri sem tengslaröskunin í barnæsku var, því ólíklegri eru líkur á fullum bata. Samtímis er hægt að setja fram kenningar um að sumir muni ná sér að fullu, kannski sér í lagi eftir að þeir verða fullorðnir (O'Connor og Zeanah, 2003).

Einnig er nauðsynlegt að grípa snemma inn í þessum málum, til að forða börnum frá því að vera í skaðsömum aðstæðum og minnka því afleiðingarnar með snemmtæku inngripi og stuðning við barn og foreldra (Geðverndarfélag Íslands, e.d.). Það hefur samt sýnt sig að það sem sýnir bestan árangur með börnum með tengslaröskun er að þau búi við stöðugleika, öryggi og hafi góðan stuðning á sínu heimili (Shaw og Páez, 2007).

3.4 Brúarskóli

Þegar sýnt þykir að ekki er hægt að mæta barni innan hins almenna skólakerfis með viðunandi hætti er oft eina leiðin að senda barn í tímabundið sérúrræði. Samkvæmt 19. grein í reglugerð nemenda með sérþarfir (nr.585/2010) segir að ef skólastjórnendur eða foreldrar telji að barn fái ekki þjónustu við sitt hæfi í almennum skóla sé hægt að sækja um sérskóla til að geta mætt þörfum barnsins betur. Skólar skulu veita foreldrum ráðgjöf um þau sérúrræði sem standa til boða. Brúarskóli er sérskóli fyrir börn sem meðal annars eiga í hegðunarerfiðleikum og/eða glíma við geðrænan eða tilfinningalegan vanda. Brúarskóli er staðsettur í Reykjavík og starfar samkvæmt lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) og

aðalnámskrá grunnskóla (mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013; Védís Grönvold, 2019).

Brúarskóli er tímabundið úrræði í skólakerfinu og er markmið þeirra að gera nemendur hæfari til að vera inn í hinum almenna grunnskóla. Brúarskóli er talinn hafa mjög gott teymi starfsmanna sem vinnur með nemendum og í góðri samvinnu við foreldra. Lögð er áhersla á að einblína frekar á að þjálfa betri hegðun heldur en að leggja alla áherslu á árangur á bóklega sviðinu. Þó reynt sé að láta nemendur halda í við sína námskrá eru kennsluhættirnir fjölbreyttir og mismunandi eftir hverjum og einum. Einnig geta almennir grunnskólar sótt um ráðgjöf frá skólastjórnendum Brúarskóla (Védís Grönvold, 2019).

Gert var mat á starfsemi Brúarskóla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið árið 2019. Þar kom fram að skólastjórnendum úr hinum almennu grunnskólum telja að þeir nemendur sem hafa stundað nám við Brúarskóla hafi sýnt jákvæðari hegðun og betri árangur eftir veru sína þar. Einnig kom fram að foreldrar hrósuðu góðum samskiptum við starfsfólk þar og fundu einnig töluverðan mun á bættri hegðun heima við. Einnig hrósuðu foreldrar því að þegar upp kæmi atvik hjá barninu þar sem það sýnir óæskilega hegðun, þá eru málin tæklud af starfsfólkinu og einungis haft samband við foreldra í lok dags ef atvikið hefur verið það alvarlegt. Ekki sé hringt í foreldra strax eftir atvik og beðið að sækja barnið líkt og gjarnan tíðkast í hinum almenna grunnskóla ef barn beitir ofbeldi (Védís Grönvold, 2019).

Stefna Brúarskóla gagnvart nemendum er að nemendur fá ávallt annað tækifæri ef þau missa stjórn á skapi sínu eða gera mistök í samskiptum. Þau leggja upp með það að dæma aldrei barnið út frá hegðuninni sem það hefur sýnt. Ef barnið sýnir ofbeldi eða ógnandi hegðun þá er því boðið að róa sig í einrúmi, starfsmaður sýnir svo stuðning og fer yfir hegðunina og hvað megi bæta, að því loknu fer nemandinn aftur inn í skólastarfið og atvikið ekki rætt frekar. Starfsfólkið hefur það markmið að hrósa nemendum, vinna með styrkleika þeirra og að styrkja sjálfsálit þeirra (Védís Grönvold, 2019).

4 Úrræði utan skólakerfisins

Það er engin ákveðin markviss eða viðurkennd meðferð fyrir börn með tengslaröskun enn sem komið er, sökum þess hversu stutt er síðan að börn voru virkilega greind með þessa röskun (O'Connor og Zeanah, 2003). Eftir því sem fleiri rannsóknir hafa sýnt hversu mikilvæg þessi fyrstu tengsl eru hefur viðhorf til barna með tengslaröskun breyst síðustu ár og leitað hefur verið leiða svo að fleiri börn missi ekki lífsgæði. Stundum verður ástandið mjög slæmt hjá börnum með tengslaröskun og þá er mikilvægt fyrir heimili og skóla að vita hvert er hægt að leita í allra erfiðustu málunum. Þeir staðir sem helst er hægt að leita til vegna ráðlegginga eða meðferðar eru barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL), Heilsugæslustöðvarnar og Stuðlar.

4.1 Barna og unglingsgeðdeild Landspítalans - BUGL

BUGL er sjúkrahús og tekur einungis við erfiðustu málunum, úrræði þegar ekkert í nærumhverfinu virkar. Meðferðin sem BUGL býður upp á tekur tvö ár, fyrir foreldra (eða fósturforeldra) þessara barna og hjálpar þeim að byggja upp tengslin við þau, meðferðin sjálf fer því ekki beint í gegnum barnið. Unnið er að því að börn sem eru komin á unglingsaldur geti möguleg náð sér í meiri þekkingu og hjálp á heilsugæslum og hjá félagsþjónustu sem ekki er hægt að finna í nærumhverfinu. BUGL hefur farið inn í rúmlega 40 skóla á Íslandi að fylgjast með börnum með tengslaröskun og hefur þeim verið vel tekið í því, auk þess hafa þau farið inn á heilsugæslurnar og félagsþjónustuna en nauðsynlegt er að að þekkingin og fagkunnáttan verði á fleiri stöðum en einungis BUGL að mati Vilborgar Guðnadóttur, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðings þar á bæ (Bergljót Baldursdóttir, 2019).

4.2 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er starfandi teymi fyrir foreldra með ung börn sem hafa áhyggjur af tengslamyndun við sín börn. Þetta teymi er nefnt geðheilsuteymi fjölskylduvernd og nær það til allra heilbrigðisumdæma á Íslandi. Teymið gefur sérhæfðari þjónustu en gengur og gerist á heilsugæslustöðvum. Í teyminu starfa félagsráðgjafar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og ljósmóðir og hafa þau öll sérhæft sig í tengslaeflandi meðferð (Heilsuvera.is, e.d.). Vonandi bætist þroskaþjálfari í þennan faghóp til að fá sem mesta fagkunnáttu og fleiri sjónarhorn á öllum sviðum.

4.3 Stuðlar

Stuðlar eru tímabundið úrræði á vegum Barnaverndar fyrir alvarleg tilfelli, þar sem mikil stjórnlaus hegðun og ofbeldi á sér stað hjá barni. Börn þurfa að hafa náð 12 ára aldri til að fá inngöngu á Stuðla. Einungis starfsfólk Barnaverndar getur sótt um vistun fyrir barnið en ekki foreldrarnir beint. Þangað koma inn börn sem meðal annars eiga í margþættum samskipta- og hegðunarvanda á heimili og í skóla. Stuðlar skiptast í meðferðardeild og svo neyðarvistun inn á lokaðri deild að hámarki í 14 daga. Á meðferðardeild er farið í að greina orsök hegðunar og unnið með það markvisst í sex til átta vikur. Í þeirri meðferð er farið yfir atferlismótun og meðferðin aðlöguð að hverju barni fyrir sig. Við greiningu og meðferð er farið í gegnum sálfræðimat, viðtöl og unnið út frá upplýsingum frá skóla barnins. Í meðferðinni er unnið með sjálfstjórn barnsins, bættu félagsfærni og að nýta styrkleika þess. Brúarskóli sinnir skólanámi barna inn á Stuðlum. Stuðlar eru ekki refsíúrræði heldur er verið að hjálpa barninu að ná jafnvægi og verið að veita því hjálp og utanumhald. Áður en barnið er útskrifað úr meðferðinni er veittar ráðleggingar til heimaskólans og inn á heimilið. Eftirmeðferð hjá Stuðlum felst í fjölskylduviðtölum hjá sálfræðingi (Barnaverndarstofa, e.d.).

5 Umræður

Hér hefur verið fjallað um tengslaröskun, orsakir hennar og leiðir til að mæta börnum með tengslaröskun innan skólakerfisins. Börnin kunna ekki félagsleg eða tilfinningaleg tengsl við aðra einstaklinga og sýna oft óæskilega hegðun þegar þau reyna að eiga samskipti við aðra í kringum sig (Brisch, 2014). Lagt var upp með rannsóknarspurninguna: „Hvað geta grunnskólarnir gert til að mæta betur þörfum barna með tengslaröskun?“. Í mörg horn er að líta til að svara þeirri spurningu. Mikilvægt er að skólakerfið og starfsmenn séu samtaka inn í skólunum þegar kemur að barni með tengslaröskun. Börnin þurfa umhverfi sem kennir þeim hvernig hefðbundin tengsl og samskipti eru. Börn með tengslaröskun þola illa breytingar og þurfa hafa hlutina fyrirsjáanlega. Þau þora ekki treysta á hlutina, þau þurfa stöðugleika og öryggi (Schwartz og Davis, 2006). Starfsmenn skólanna verða að líta á vinnuna með börnum með tengslaröskun sem langtímaverkefni, fyrst þarf að ná trausti barnsins og eftir að það hefur náðst þá fyrst er hægt að vinna skólatengt með barnið (Shaw og Páez, 2007). Börnin þurfa mikinn fyrirsjáanleika frá starfsmönnum og finna að þau séu áreiðanleg. Nauðsynlegt er að setja raunhæfar kröfur á barnið svo það geti uppfyllt væntingarnar sem eru settar á það og sýna barninu mikla þolinmæði. Mikilvægt er þó að starfsmenn sýni sjálfum sér þolinmæði og hugi að sjálfum sér og sínum mörkum. Starfsmenn ættu auk þess að reyna ná sér í alla þá fræðslu sem viðkomandi getur komist yfir. Skólinn er mikilvægur hlekkur í að hjálpa barninu, skólinn er skyldugur að leyfa öllum að sinna sinni skólagöngu og að mennta sína nemendur eins vel og þeir geta, og það sama gengur yfir börn með tengslaröskun, þau eiga líka að fá sín tækifæri til að læra jafnt og aðrir nemendur (Parker og Forrest, 1993).

Mikilvægt er að starfsfólk skólans muni að þótt þau hótí, segi ljót orð eða noti ofbeldi þá snýr þetta ekki að starfsfólkinu persónulega, heldur eru þetta varnarviðbrögð sem þau setja upp. Það besta sem hægt er að gefa börnunum er skilyrðislaus væntumþykja, þolinmæði og tími til að gróa og vaxa upp aftur, því smátt og smátt gerist þetta allt saman (Brisch, 2014).

6 Lokaorð

Það gleymist oft að fagna minnstu skrefunum vegna þess að stóru skrefunum er yfirleitt einungis veitt eftirtekt. Börn með tengslaröskun sýna framfarir í agnarsmáum skrefum. Það er þannig sem börn læra, þroskast og stækka. Ekkert barn stendur upp og hleypur maraþon strax, traustið kemur í smáum skrefum. Þegar þau segja fyrirgefðu er það eitt stórt skref, að sjá þau gefast upp og gráta er eitt stórt skref, skrefin og framfarirnar hjá börnum með tengslaröskun eru mun hægari en hjá flestum. Við verðum að muna að fagna hverju skrefi og láta börnin vita þegar vel er gert.

Börnum með tengslaröskun vantar stuðning og utanumhald úr öllum áttum, ef við myndum hugsa um björgunarhring og hann væri loftlaus öðru megin þá sekkur viðkomandi að lokum, allar bjargar verða að vera til staðar svo að allt gangi upp, heimili, skóli, kerfið og allir sem koma að barninu. Börnin lemja frá sér og reyna að bægja frá sér hugsanlegum tengslum sem eru að myndast, vegna þess að þau hræðast að missa þau tengsl líka, því þau hafa upplifað það áður. Hugsunin þeirra er að reyna hafna áður en þeim verður hafnað sjálfum, því það er sárt að upplifa ítrekaða höfnun. Börn með tengslaröskun þurfa á mikilli hlýju og væntumþykju að halda, ásamt þolinmæði og passa verður að setja ekki of miklar kröfur ef barnið ræður engan veginn við þær. Þau eiga erfitt með að setja sig í spor annarra og að finna hvernig aðrir upplifa hlutina og þau þurfa að læra það með tímanum. Fyrir þeim er erfitt að tjá sig um eigin líðan og vera einlæg þannig að ef þau geta sagt hvernig þeim sjálfum líður og vilja ræða það þá er mikilvægt að vera til staðar og hlusta. Tengslaröskun er skerðing sem er ekki jafn sjáanleg og eins augljós fötlun eins og til dæmis barn í hjólastól eða hreyfihamlað og er það því oft vanmetið. Okkur hættir til að setja of miklar kröfur og væntingar á þessi börn því við sjáum ekki utan á þeim hvað er að. Þess vegna verðum alltaf að mæta börnum með tengslaröskun þar sem þau eru stödd og mæta þeim af virðingu, þolinmæði og æðruleysi. Börn með tengslaröskun hafa gengið í gegnum áföll í sinni æsku sem ekkert barn á að þurfa upplifa. Þau sitja uppi með sár og þessi sár þurfa að gróa og það tekur tíma og aðhlynningu.

Ætla má að hugmyndafræðin um skóla án aðgreiningar eins og hún er núna sé ekki að henta börnum með tengslaröskun nema að viðbættum öðrum sérúrræðum.

Brúarskóli getur náð miklum árangri með börn með tengslaröskun, þeirra stefna gagnvart nemendum virðist vera í takt við þarfir barns með tengslaröskun, að gefa barninu alltaf nýtt

tækifæri þótt það misstígi sig. Brúarskóli leggur mikið upp úr því að bæta hegðun áður en lögð er áhersla á akademísku hliðina, líkt og fræðimennirnir Lewit og Baker bentu á (Schwartz og Davis, 2006). Einnig er nálgunin á foreldrana góð, líkt og þegar upp koma alvarleg atvik að foreldrarnir þurfi ekki að hlaupa strax til og ná í barnið, því við verðum að sýna foreldrum barna með tengslaröskun varkárni og reyna styðja við þau eins mikið og hægt er. Brúarskóli er tímabundið úrræði sem teljast má jákvætt, því væntanlega vilja börn með tengslaröskun tilheyra hinum almenna skóla, líkt og önnur börn (Védís Grönvold, 2019). Ég tel ólíklegt að Brúarskóli geti annað öllum börnum með tengslaröskun og því er nauðsynlegt að koma á svipaðri nálgun inn í almennu grunnskólunum sem fyrst.

Af því sem fram hefur komið má ætla að það þurfi að byrja á meiri fræðslu um tengslaröskun inn í almennu skólunum, félagsþjónustunni, Barnavernd og síðast og ekki síst í leikskólunum. Það væri mikill kostur ef hægt væri að mynda þverfaglegt teymi í kringum börn með tengslaröskun strax við greiningu inn í skólunum, svo að nálgunin á þau sé rétt frá byrjun. Ef fagfólk er vakandi yfir þessari óeðlilegu hegðun snemma og kann að lesa í hana þá er hægt að grípa fyrir í taumana og vinna með börnin og foreldrum þeirra og þannig minnkað skaðann til langs tíma litið.

7 Heimildaskrá

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (e.d.). <https://www.barnasattmali.is/>

Barnaverndarstofa. (e.d.). Stuðlar. <https://www.bvs.is/urraedi/studlar/>

Barnett, L.B. (2014). *Raising Wildcats: Parenting Children with Attachment Disorder*. CreateSpace Independent Publishing Platform.

Berger, K.S. (2014). *The Developing Person Through the Life Span*. Worth Publishers.

Bergljót Baldursdóttir. (2019, 18. júní). Vill að börn með tengslavanda fái hjálp fyrr [Heilbrigðismál – innlegt – Mannlegi þátturinn. Viðtal við Vilborgu Guðnadóttur, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðing á Barna- og unglingsgeðdeild BUGL]. *Fréttastofa RÚV*. <https://www.ruv.is/frett/vill-ad-born-med-tengslavanda-fai-hjalp-fyrr>

Bettmann, J.E. og Friedman, D.D. (2013). *Attachment-Based Clinical Work with Children and Adolescents*. Doi:10.1007/978-1-4614-4848-8.

Björn Hjálmarsson. (2018, 26. apríl). *Mismunagreining og einhverfurófið: Björn Hjálmarsson barna- og unglingsgeðlæknir. MA í heilbrigðis- og lífsiðfræði. Barna- og unglingsgeðdeild LSH*. [PDF glærur af vorráðstefnu]. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. https://www.greining.is/static/files/Vorradstefna_2018/bjorn_hjalmarsson_fimmtud_agur_f_had.pdf

Bowlby, J. (1969). *Attachment and Loss, Vol. 1: Attachment*. Basic Books.

Brisch, K.H. (2014). *Treating Attachment Disorder*. Guilford Press.

Dóra S. Bjarnason. (2012). Formáli að íslensku útgáfunni. Í D.L. Ferguson, G. Ralph, G. Meyer, J. Lester, C. Droege, H. Guðjónsdóttir, N.K. Sampson og J. Williams (ritstjórar), *Nám fyrir alla: Undirbúningur, kennsla og mat í skóla margbreytileikans* (Ásta Björk Björnsdóttir þýddi, Háskólaútgáfan.

Forbes, H.T. og Post, B. (2010). *Beyond Consequences, Logic, and Control: A Love-Based Approach to Helping Attachment-Challenged Children With Severe Behaviors*. Beyond Consequences Institute, LLC.

Geðverndarfélag Íslands. (e.d.). Stefna Geðverndarfélags Íslands (GÍ) um geðheilbrigði ungra barna á Íslandi. <https://gedvernd.is/felagid/stefna-gedverndarfelagsins/>

Gerður G. Óskarsdóttir. (2003). *Skólastarf á nýrri öld*. [Grein þessi birtist upphaflega á dönsku í heftinu *Morgendagens skole i Norden – fem scenarier omskolen og den teknologiske utviklingen* sem gefin var út af Norrænu ráðherranefndinni í tilefni af ráðstefnunni Morgendagens skole i Norden sem haldin var í Osló, dagana 5. – 6. desember 2002]. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skolastarf_a_nyrri_old1.pdf

Heilsuvera.is [Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins]. (e.d.). Sérþjónusta: Geðheilsuteymi fjölskylduvernd. <https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/gedheilsuteymi-fjolskylduvernd/>

Helga Gísladóttir og Anna Kristín Sigurðardóttir. (2016). Stefnur sveitarfélaga um skóla án aðgreiningar. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans: Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca* (bls. 41–65). Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar og Háskólaútgáfan.

Johnson, E. (2014). *Parenting Pandora: Understanding Your Child with Reactive Attachment Disorder*. CreateSpace Independent Publishing Platform.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

O'Connor, T.G. og Zeanah, C.H. (2003). Attachment Disorders: Assessment Strategies and Treatment Approaches. *Attachment and Human Development*, 5(3), 223–244.

<https://doi.org/10.1080/14616730310001593974>

Parker, K.C. og Forrest, D. (1993). *Attachment Disorder: An Emerging Concern for School Counselors*. Sage Publications, Inc.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010

Sadiq, F.A., Slator, L., Skuse, D., Law J., Gilberg, C., Minnis, H. (2012). Social use of Language in Children with Reactive Attachment Disorder and Autism Spectrum Disorders.

European Child & Adolescent Psychiatry 21, 267–276

<https://doi.org/10.1007/s00787-012-0259-8>

Schwartz, E. og Davis, A.S. (2006). Reactive Attachment Disorder: Implication for School Readiness and School Functioning. *Psychology in the Schools*, 43(4), 471–479

<https://doi.org/10.1002/pits.20161>

Shaw, S.R. og Páez, D. (2007). Reactive Attachment Disorder: Recognition, Action, and Considerations for School Social Workers. *Children & Schools*, 29(2), 69–74.

<https://doi.org/10.1093/cs/29.2.69>

Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2014). *Skóli án aðgreiningar: Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. Háskóli Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Sæunn Kjartansdóttir. (2018). *Árin sem enginn man: áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Mál og menning.

Védís Grönvold. (2019). *Brúarskóli: Mat á starfsemi og árangri. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti*. https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Br%C3%BAarsk%C3%B3li_mat%20%C3%A1%20starfsemi%20og%20%C3%A1rangri.pdf